



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 23. fundur, 9. september 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt 23. fund sinn þriðjudaginn 9. september 2008, kl. 8:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Staða framkvæmda
2. Næstu skref
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Farið var yfir stöðu sundlaugarbyggingarinnar. Grunnurinn hefur verið þjöppumældur og stóðst þjöppuprófið. Vinnusvæðið hefur verið afhent verktaka að undanskildu svæðinu undir lyftu í norðvesturenda svæðisins. Þar er verið að ljúka undirbúningi að flutningi á aðalvatnslögn sem liggur undir væntanlegu húsi. Því á að ljúka í mánuðinum og hefur ekki áhrif á framkvæmdartímann. Settir hafa verið upp reglulegir verkfundir á framkvæmdatímanum og var lögð fram fundargerð 1 verkfundar og hún kynnt.
2. Undirbúningi næstu verkþátta er komin af stað og verða hönnunarfundir haldnir reglulega. Taka þarf ákvörðun um vatnsrennibraut á næstu vikum og mun nefndin vinna áfram að þeim undirbúningi. Ákveðið að ræða nánar á næsta fundi.
3. Engin önnur mál voru færð til bókar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 9.00.

Héðinn Sigurðsson
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason